

3. desember 2007
SÍ-36421

Ársreikningaskrá
Ríkisskattstjóra
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 30. október 2007 óskaði ársreikningaskrá eftir að Seðlabanki Íslands veitti umsögn um umsókn Kaupþings banka hf. um heimild til að færa bókhald sitt og semja ársreikning, samstæðureikning, í evrum frá og með rekstrarárinu 2008. Bréfinu fylgdi afrit af bréfi Kaupþings banka til ársreikningaskrár, dags. 25. október 2007, ásamt fylgigögnum.

Seðlabankinn er mótfallinn því að innlend fjármálfyrirtæki taki alfarið upp erlendan gjaldmiðil í reikningshaldi sínu. Stefni fjármála-fyrirtæki jafnframt að því að ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli og draga úr viðskiptum sínum með innlenden gjaldmiðil telur Seðlabankinn fulla ástæðu til að staldra við og gaumgæfa afleiðingar þessa fyrir peningakerfi þjóðarinnar.

Um ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Í bréfi Kaupþings banka til ársreikningaskrár er því lýst að bankinn stefni að því að færa bókhald sitt í evrum frá og með 1. janúar 2008 og að hann telji sér það skyld með hliðsjón af alþjóðlegum reiknings-skilastöðlum (IFRS). Kaupþing telur að af stöðlunum leiði að evra eigi að vera starfrækslugjaldmiðill bankans og að það sé mat hans að endurskoðendur hans kynnu að hafna því að staðfesta að ársreikningar hans samræmist alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ef starfrækslugjaldmiðli bankans verður ekki breytt í evru.

Seðlabanki Íslands er ósammála þeirri túlkun á alþjóðlegu reiknings-skilastöðlunum (IAS 21) sem að framan er lýst. Markmið þeirra í þessum efnum eru sett fram í gildissviðshluta þeirra en þar segir svo í 3. grein:

Pessi staðall tekur til eftirfarandi:

- a) *Bókunar erlendra viðskipta og efnahagsstærða í erlendum gjaldmiðlum nema afleiðuvíðskipta en um þau er fjallað í staðli nr 39 um fjármálagerninga*

- b) Umreiknings á rekstrri og efnahag erlends rekstrar sem felldur er inn í rekstur tiltekinnar rekstrareiningar í formi samstæðureikningsskila eða með hlutdeildaraðferð
- c) Umreiknings reikningsskila (rekstrar og efnahags) tiltekinnar rekstrareiningar í framsetningsgjaldmiðil (e. presentational currency)

Eins og ráða má af þessari grein staðalsins var hann aðallega settur í því skyni að útbúa reglur um það hvernig skyldi umreikna reiknings-skil erlendra dótturfélaga. Samkvæmt því er það nánast gefið að heimagjaldmiðill móðurfélags sé starfrækslugjaldmiðill þess. Það má a.m.k. almennt búast við því hjá erlendum stórfyrtækjum, sem stunda rekstur um víða veröld og eiga heimilisfesti meðal stórbjóða, að heimagjaldmiðill þeirra sé jafnframt starfrækslugjaldmiðillinn; reglur í stöðlunum voru aðallega settar fyrir þessa aðila og fyrirtæki sem stunda erlend viðskipti. Í samtali við sérfræðing alþjóðlegu nefndar-innar var þetta viðhorf um tilurð staðalsins staðfest og hvers vegna gildissviðið var skilgreint með ofangreindum hætti.

Jafnvel þótt túlka megi alþjóðlega staðalinn þannig að hann geti verið til úrskurðar um það hver sé starfrækslugjaldmiðill móðurfélags, þá er engin skylda samkvæmt staðlinum að bókhald sé haldið í þeim gjald-miðli. Raunar er hvergi í stöðlum nefndarinnar kveðið á um skyldu félags til að halda bókhald í tilteknum gjaldmiðli. Meginreglan hlýtur þó að vera sú, að bókhald sé haldið og reikningsskil birt í heimagjald-miðli. Birting reikningsskila getur raunar verið í hvaða gjaldmiðli (e. presentational currency) sem er samkvæmt efni staðalsins. Í staðlinum er sérstaklega um það fjallað hvernig umreikna á úr heimagjaldmiðli í starfrækslugjaldmiðil, ef ekki er um sama gjaldmiðil að ræða. Af því má draga þá ályktun að samkvæmt reglum hinnar alþjóðlegu nefndar er ekki skylt að halda bókhald í starfrækslugjaldmiðli ef hann er annar en heimagjaldmiðill. Ef því væri þannig farið væri ekki þörf á lýsingu á því hvernig sá umreikningur skyldi fara fram.

Af þessu leiðir að sú fullyrðing að endurskoðendur Kaupþings banka verði að setja fyrirvara í áritun, ef uppgjörsgjaldmiðill er ekki evra, getur varla staðist. Í bréfi Kaupþings banka kemur enn fremur fram að túlkun bankans á alþjóðlegum reikningsskilareglum þýði að ekki sé víst að honum sé skylt að sækja um heimild til ársreikningaskrár til að færa bókhald sitt í evrum. Af framansögðu má ráða að Seðlabankinn er ósammála þeirri túlkun. Það getur auðvitað ekki staðist að erlend fagnefnd geti kveðið á um það að hafna beri heimagjaldmiðli við færslu bókhalds og gerð reikningsskila; forræði þess máls hlýtur að hvíla hjá yfirvöldum í viðkomandi landi.

Seðlabankinn telur að það sé á misskilningi byggt að þess sé krafist samkvæmt hinum alþjóðlegu stöðlum að bókhald og reikningsskil séu í starfrækslugjaldmiðli, þó að það geti verið æskilegt. Það er sjálfstætt athugunarefni hvort skynsamlegra sé að birta reikningsskil í starfrækslugjaldmiðli fremur en heimagjaldmiðli, ef hann er annar, enda væri þá fullnægt meginreglum um skilgreiningu þess konar gjaldmiðils. Þá væri það enn fremur í anda staðalsins að birta reikningsskil móðurfélags (og þar með samstæðu) í starfrækslugjaldmiðli, enda þótt staðallinn taki ekki með beinum hætti til þess tilviks með skýrum hætti, sbr. það sem að ofan greinir. Því kemur vel til árita að Kaupþing banki haldi bókhald sitt í íslenskum krónum og semji reikningsskil á grundvelli þess til nota í samskiptum við Seðlabankann og aðrar hagsýslustofnanir en umreikni reksturinn í evrur til birtingar í ársreikningi fyrir hlutabréfamarkaðinn. Slík aðferð væri í fullu samræmi við ákvæði hinna alþjóðlegu staðla samkvæmt reglum um framsetningargjaldmiðil í reikningsskilum.

Skilyrði laga og reglugerðar

Þegar metið er hvort Kaupþing banki uppfyllir skilyrði laga og reglugerða til þess að færa ársreikning sinn í erlendum gjaldmiðli er óhákvæmilegt að byggja á nýjustu upplýsingum úr reikningum bankans á þeim tíma sem matið fer fram. Nýjustu upplýsingar birtust í uppgjöri bankans fyrir fyrstu níu mánuði ársins. Upplýsingar sem fylgdu umsókn bankans til ársreikningaskrár byggðust á níu mánaðu uppgjöri bankans eftir að við hafði verið bætt reikningum hollenska bankans NIBC sem Kaupþing hefur samið um að kaupa. Samingurinn tekur hins vegar ekki gildi fyrr en um næstu áramót að því gefnu að allt hafi gengið eftir sem í honum felst, þ.m.t. að bær yfirvöld hafi veitt samþykki sitt. Upplýsingar úr rekstri hollenska bankans verða skv. framansögðu ekki taldar með þegar metið er hvort Kaupþing banki uppfyllir tilskilin skilyrði.

Af gögnum sem fylgdu umsókn Kaupþings banka til ársreikningaskrár verður því ekki ráðið hvort bankinn uppfyllir skilyrði laga og reglugerðar um heimild til þess að færa bókhald sitt í erlendum gjaldmiðli. Þau geta því ekki orðið grundvöllur ákvörðunar um slíkt. Heimild til færslu bókhalds í evrum, ef veitt yrði, hlyti að verða skilyrt því að kaup á hinum erlenda banka hafi verið efnd að fullu og að hann sé sannanlega orðinn hluti samstæðunnar.

Almennt um reikningsskil og hlutafé í erlendum gjaldmiðlum

Þegar heimildin til að færa bókhald og birta ársreikning í erlendum gjaldmiðli var felld inn í ársreikningalögin á árinu 2002 var tekið mið af nýlegum sambærilegum lagaákvæðum í Danmörku, Noregi og Sví-

þjóð en þess ekki gætt að í öllum þessum löndum eru takmarkandi sér-ákvæði fyrir fjármálfyrirtæki. Ekki er vitað til þess að í nálægum löndum geri helstu fjármálfyrirtæki upp reikninga sína og skrái hlutafé í öðrum gjaldmiðli en mynt þess lands þar sem þau hafa höfuðstöðvar sínar. Íslenska krónan er gjaldmiðill þjóðarinnar og lögeyrir og stefna stjórnvalda er að svo skuli vera.

Viðskipti innlendra fjármálfyrirtækja við Seðlabankann eru í íslenskum krónum og ekki er fyrirsjánleg breyting þar á. Þau viðskipti varða m.a. greiðslumiðlun í landinu, reglubundna útvegun lauss fjár og úrræði við lausafjárvanda. Þá eru og verða hagskýrsluskil til Seðlabankans í íslenskum krónum.

Af fréttum að dæma má ætla að Kaupþing banki hf. stefni að því að færa hlutafé sitt í erlendan gjaldmiðil. Líkt og aðrir seðlabankar gegnir Seðlabanki Íslands lykilhlutverki í greiðslu- og uppgjörskerfum þjóðarinnar. Ekki frekar en aðrir seðlabankar gerir hann upp viðskipti í öðrum gjaldmiðli en sínum eigin. Af því leiðir að öll viðskipti með verðbréf í öðrum gjaldmiðlum en krónum hljóta að verða gerð upp annars staðar, og þá væntanlega utan Íslands. Að óbreyttum lögum er það ekki unnt í viðskiptum með verðbréf sem skráð eru í Verðbréfamiðstöð Íslands. Því má bæta við að Seðlabankinn telur óhjákvæmilegt að breyta vissum þáttum í innlenda uppgjörskerfinu til þess að gera það fært um að takast á við viðskipti með verðbréf í erlendri mynt áður en þau geta hafist að nokkru marki, óháð því hvar fjárhagslegt uppgjör þeirra fer fram. Tryggja þarf fyllsta öryggi viðskiptanna og að uppgjörskerfið uppfylli alþjóðlegar kröfur.

Heimildin til þess að skrá hlutafé fyrirtækis í öðrum gjaldmiðli en heimagjaldmiðli ætti að vera reist á því að sá gjaldmiðill sé jafnframt starfrækslugjaldmiðill viðkomandi fyrirtækis. Við þær aðstæður er tryggt, að svo miklu leyti sem gengi hlutabréfa á markaði ræðst af upplýsingum í reikningsskilum, að samræmi sé á milli verðmyndunar á markaði og afkomu- og efnahagsupplýsinga eins og þær koma fram í reikningsskilum. Hitt er fráleitt að hlutafé sé skráð í starfrækslugjaldmiðli en reikningsskil samin í heimagjaldmiðli, enda er þá hætta á að þau geti villt mönnum sýn um afkomu- og efnahagsþróun, þar sem heimagjaldmiðill endurspeglar raunstærðir rekstrar ekki nógu vel. Af þessum sökum er nauðsynlegt að einungis þau fyrirtæki sem hafa fengið heimild til þess að halda bókhald og semja reikningsskil í erlendum gjaldmiðli fái heimild til skráningar á hlutafé í þeim gjaldmiðli. Hitt er hættuminna að hlutafé sé skráð í heimagjaldmiðli og gengi á markaði miðist við hann ef reikningsskilin eru í starfrækslugjaldmiðli, enda væru þá gagnsærri upplýsingar veittar í þeim reikningsskilum en ef þau væru í heimagjaldmiðli.

Niðurstaða

Í ljósi framansagðs telur Seðlabanki Íslands að forsendur séu ekki til þess að fallast á umsókn Kauppíngs banka hf. um heimild til þess að færa bókhald sitt í evrum frá og með rekstrarárinu 2008.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Stefán Svavarsson
aðalendurskoðandi

Afrit: Fjármálaráðherra
Fjármálaeftirlitið